



Reykjavík 14.03.2020

Efni: Umgengni í skólabílum í samkomubanni

Bil á milli nemenda er ekki skilyrt í skólabílum umfram fjöldatakmörkunina. Skólarnir eru að útfæra hvernig þeir reyna að viðhalda sem mestu bili milli nemenda í stofunum og lágmarka snertingu.

Ekki er æskilegt að börn sitji hlið við hlið í skólabílnum ef þau eru ekki frá sama heimili. Þetta er ekki auðvelt í framkvæmd ef börnin skilja ekki tilganginn og gæti orsakað hræðslu hjá þeim. Mikilvægt er að fara í þessar breytingar af yfirvegun svo þau verði óhrædd við að takast á við daglegar athafnir eins að ferðast með skólabílnum.

Eigi börn aðstandendur sem eru í áhættuhóp gæti þurft að finna aðrar leiðir fyrir þau heldur að nota skólabílinn, foreldrar þeirra verða að leggja mat á það.

Á þeim stöðum þar sem venjulega eru fleiri en 20 nemendur í skólabílnum í hverri ferð, þá er tvennt í stöðunni:

- 1) Óska eftir undanþágu sem mögulega verður veitt ef sýkingar hafa ekki komið upp á svæðinu en myndi mögulega þurfa að verja slík svæði sérstaklega til að geti haldið þessu áfram, s.s. með svæðalokunum. Ef þetta er gert, þá væri mögulega hægt að auka líkur á að undanþága verði veitt með því að nota stærri bíl, þannig að 25 börn séu í 60 sæta bíl, t.d. Ef ferðamönnum fækkar á næstu vikum getur verið að það verði minna mál en annars að fá stærri bíl til afnota meðan á þessu stendur.
- 2) Athuga hvort hægt er að skipta hópnum í tvennt (eða hversu marga hópa sem þarf) til að hafa ekki fleiri en 20 í bílnum (með bílstjóra) hverju sinni